

## FVB - Félag viðurkenndra bókara

Kynningar og fræðslufundur Félags viðurkenndra bókara var haldinn 30. janúar 2003, kl. 18:00 - 20:00 að Lækjarbrekku, „Kornhlöðunni“. Á fundinum var félagið kynnt fyrir útskriftarhópi Viðurkenndra bókara 2003 og nýir félagar úr þeirra hópi boðnir velkomnir.

Dagskrá fundarins:

Fundarstjóri, Þórdís G. Bjarnadóttir setti fundinn.

Formaður félagsins, Már Jóhannsson kynnti markmið og starfsemi félagsins.

Kynning frá KPMG

Kynning frá DK,

Boðið var upp á súpu og brauð ásamt kaffi og hressingu í boði DK.

Dreift var innritunareyðublöðum og gengu alls 14 manns í félagið á fundinum.

Formaður bar upp tillögu um að Þórdís Bjarnadóttir yrði kosin í stjórn félagsins í stað Hólmfríðar Þorvaldsdóttur sem baðst undan frekari stöfum vegna veikinda og var það samþykkt.

Greint var frá því að fulltrúi frá Félagi viðurkenndra bókara ætti sæti í prófanefnd.

Einnig voru félagsmenn hvattir til að senda Önnu Antonsdóttur staðfestingar vegna námskeiða sem þeir hafa sótt.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Rosa Ólafsdóttir  
Anna Antonsdóttir  
Már Jóhannsson